

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2026

1. Notkun frístundakorts umfram fjárheimildir

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 100.000 þ.kr. á árinu 2026 vegna notkunar á frístundakorti umfram heimildir. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)	
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-100.000
MÍR	xxx	Frístundakort	Til	100.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Nýting á frístundakorti umfram það sem áætlað var skýrir umframkostnað. Búið er að taka frá fjármagn á liðnum ófyrirséð til að mæta umframkostnaði. Hægt er að nýta styrkinn til 31. desember og því er óskað eftir því að fjármála- og áhættustýringarsvið fái heimild til að aðlaga þessa upphæð að þeirri fjárhæð sem ætla má að hún endi í við lok árs.

2. Ás styrktarfélag

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 56.400 þ.kr. vegna kjarasamningsbundinna hækkana. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)	
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-56.400
VEL	xxx	Ás styrktarfélag	Til	56.400
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Velferðarsvið hefur óskað eftir auknum fjárheimildum til að standa straum af kostnaði vegna kjarabóta umfram það sem hefur verið fjármagnað í ramma sviðsins vegna kjarasamningshækkunar. Samningsgreiðslur til Ás styrktarfélags tóku hækkunum

þann 1. apríl 2026. Samtals er óskað eftir 56,4 m.kr. vegna ársins 2026 sem jafngildir 75,2 m.kr. á ársgrundvelli frá og með árinu 2027.

3. Endurmat starfa

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um 108.758 þ.kr. vegna endurmats starfa. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)	
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-108.758
MÍR	xxx	Endurmat starfa	Til	9.112
SBB	xxx	Endurmat starfa	Til	2.346
SFS	xxx	Endurmat starfa	Til	58.301
USK	xxx	Endurmat starfa	Til	30.455
VEL	xxx	Endurmat starfa	Til	8.544
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Störf þessi hafa verið samþykkt á fundum starfsmatsnefndar frá september 2025-apríl 2026. Um er að ræða árlegan ramma að upphæð 49.071 þ.kr. og afturvirkni að upphæð 59.687 þ.kr. Heildarfjárhæð sem þarf að bæta í ramma er því 108.758 þ.kr.

Hildur Björnsdóttir